



Áveitan

5. tbl. 19. árgangur. Maí 2025

FJÖR Í FLÓA

VELKOMIN Í FLÓAHREPP

30-31.maí 

**ÍBÚAR Í FLÓAHREPPI BJÓÐA
GESTI VELKOMNA Á ÞESSA
STÓRSKEMMTILEGU FJÖLSKYLDU
OG MENNINGARHÁTÍÐ SEM ER
STÚTFULL AF SKEMMTUN**

**HLÖKKUM TIL AÐ
SJÁ YKKUR**

Finndu okkur á : [Flolahreppur.is](https://www.flolahreppur.is)
FB Fjör í Flóa & Instagram Menning í Flóa

   **Kvenfélögin í
Flóahreppi** 

**HEILSUEFLANDI
samfélag**
vettidn fyrir alla

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@gmail.com

845-9719
865-5692

Pistill frá sveitarstjóra Flóahrepps



Nú er vor í lofti og náttúarn öll að taka við sér. Bændur eru komnir á fullt í vorverkum og allt iðar af lífi hvert sem horft er. Vori og sumri fylgja einnig ýmis verkefni hjá sveitarfélaginu.

Verið er að undirbúa hinar ýmsu framkvæmdir næstu mánaða. Má þar til dæmis nefna breytingar og endurnýjun á salernum í Þjórsárveri, breytingar á íþróttasal í Þingborg, viðhaldsverkefni og nýtingingar í vatnsveitunni, hönnun á fráveitu og götum í nýrri íbúðarbyggð í Þingborg, framkvæmdir á skólalóðum,

málun innan og utanhúss og margt fleira sem starfsmenn og verktakar hjá sveitarfélaginu munu skipuleggja og sinna á komandi mánuðum.

Sveitarstjórn tók fyrir umræðu um ársreikning Flóahrepps fyrir árið 2024 í byrjun apríl og stefnir í mjög góða rekstrarniðurstöðu. Seinni umræða verður tekin á næstu dögum og ársreikningur og helstu tölur birtar á heimasíðu Flóahrepps í kjölfarið.

Líkt og kom fram í síðasta pistli þá var var auglýst eftir verkefnastjóra verklegra framkvæmda í Flóahreppi í mars. Um er að ræða nýtt starf og eru helstu verkefni utanhald um verklegar framkvæmdir, verkefni sem snúa að nýrri íbúðarbyggð við Þingborg, verkefni vatnsveitu og fleira. Verið er að klára ráðningarferli vegna starfsins.

Sveitarstjórn gekk frá samningi við Landmótun á dögum vegna endurskoðunar aðalskipulags Flóahrepps. Haldinn hefur verið einn fundur með Landmótun þar sem farið var yfir drög að lýsingu verkefnis en töluverð vinna verður í kringum endurskoðun aðalskipulagsins á komandi mánuðum.

Vinnuskóli Flóahrepps 2025

Umsóknnum um störf í vinnuskóla Flóahrepps í sumar rignir inn en vinnuskólinn er starfræktur frá byrjun júní og til loka júlí fyrir unglinga fædda á árunum 2009-2012. Sótt er um starf í vinnuskólanum á heimasíðu Flóahrepps og verður tekið við umsóknnum til 16. maí. Hér má nálgast frekari upplýsingar um vinnuskólann:

<https://www.floahreppur.is/is/thjonusta/fraedslumal/vinnuskoli-floahrepps>

Hreinsunarátak og opnir dagar á gámasvæði

Árlegt hreinsunarátak verður í maí og hvetjum við íbúa, fasteignaeigendur, atvinnurekendur og aðra til þess að taka þátt með því að huga að umhverfinu og leggja sitt af mörkum í tiltekt um allt sveitarfélagið. Þetta á við um allan úrgang og lausamuni á lendum og lóðum.

Í tengslum við hreinsunarátak geta **fasteignaeigendur og atvinnurekendur í Flóahreppi** losað sig við úrgang á gámasvæði ÍGF í Hrísmýri **dagana 12.-17. maí** án þess að nýta inneignarkort eða greiða fyrir þann úrgang sem komið er með. **Athugið að einnig verður opið á laugardeginum 17. maí í þessari viku frá kl. 11:00-16:00.** Starfsmenn á gámasvæðinu geta farið fram á að viðkomandi sýni fram á að hann komi úr Flóahreppi t.d með framvísun á inneignarkortinu þó ekki verði klippt í það þessa daga.

Við hvetjum að sjálfsögðu til þess að allur úrgangur sé flokkaður eins vel og mögulegt er þegar komið er með hann á gámasvæðið til að minnka kostnað sveitarfélagsins, og þar með íbúa, við förgun úrgangsins. Ekki verður í boði að fá gáma heim á bæi á kostnað sveitarfélagsins en einstaklingar og atvinnurekendur geta fengið til sín gám á eigin kostnað. Gáma má panta hjá Íslenska Gámafélaginu www.igf.is. Minnt er á að ákveðinn úrgangur, svo sem járn, ber skilagjald og því er hægt að fá járnagám án þess að greiða fyrir hann.

Minka- og refaveiði í Flóahreppi 2025

Samkvæmt reglum Flóahrepps um minkaveiði verður veiðimaður á ferðinni á næstu vikum í hefðbundinni minkaleit í sveitarfélaginu. Miðað er við að veiðimaður starfi á tímabilinu 20. apríl – 20. júní. Á því tímabili skal veiðimaður veiða mink og vera til reiðu ef vandamál koma upp. Skilyrði er að ráðnir veiðmenn notist við minkahunda en einnig er heimilt að notast við gildruveiðar.

Flóahreppur er einnig með samning vegna refaveiða og grenjavinnslu á því tímabili sem vinnsla grenja er leyfileg sem er á tímabilinu 1. maí - 31. júlí ár hvert. Markmið með veiðum og grenjavinnslu er að koma í veg fyrir tjón af völdum refa. Samningurinn er byggður á lögum nr. 64/1994 og reglugerð nr. 437/1995 með síðari breytingum. Veiðar á ref og leit að grenjum skulu fara fram í samráði við landeigendur. Birgir Örn Jónsson sér um refaveiðar og grenjavinnslu fyrir Flóahrepp.

Fjör í Flóa 2025

Fulltrúar í íþróttá-æskulýðs- og menningarnefnd eru á fullu að undirbúa vorhátíðina okkar Fjör í Flóa sem haldin verður 30.-31. maí í ár. Við hvetjum íbúa til að fylgjast með facebook síðu Fjörs í Flóa og á heimasíðu Flóahrepps. <https://www.floahreppur.is/is/sveitin-okkar/menning/fjor-i-floa>

Hreinsun á rotþróum /seyruhreinsun

Seyrubíll á vegum Seyruverkefnisins er farinn af stað í hreinsun á seyru í rotþróum í Flóahreppi. Hluti rotþróa var hreinsaður síðasta sumar en það sem ekki var hreinsað þá verður tekið á þessu ári. Hægt er að sjá hvenær seyra var síðast hreinsuð úr rotþró hér: <https://www.map.is/sudurland/?fraveita>

Af gefnu tilefni er fasteignaeigendum bent á að kynna sér fyrirkomulag vegna hreinsunar seyru í sveitarfélaginu á heimasíðu verkefnisins www.seyra.is og skulu allar athugasemdir um hreinsun eða annað tengt seyrulösun fara beint til seyruverkefnisins á seyra@seyra.is eða í síma 480-5550. Athygli er vakin á því að sveitarfélagið ber eingöngu ábyrgð á hreinsun á rotþróum hjá fasteignaeigendum í sveitarfélaginu en ber ekki ábyrgð á stíflulösunum, greiningu á vandamálum eða yfirfullum rotþróum sem eru of litlar miðað við notkun á húsnæði.

Ef upp koma vandamál með rotþró og það eru minna en þrjú ár frá hreinsun á rotþró við íbúðarhúsnæði eða minna en 5 ár frá hreinsun rotþróar við frístundahús þá skal fasteignaeigandi hafa samband við fagaðila (pípara) til að greina vandann. **Ef fagaðili staðfestir að ekkert sé að rotþró og það þurfi eingöngu að hreinsa hana þá skal senda póst með staðfestingu fagaðila á seyra@seyra.is og óska eftir auka-hreinsun.**

Nokkur atriði sem þarf að huga að vegna hreinsunar rotþróa:

- Rotþrær verða að vera aðgengilegar fyrir hreinsunaraðila.
- Passa þarf að bíll komist nógu nálægt þrónni til að hægt sé að hreinsa.
- **Nauðsynlegt er að ekki sé lengra að þró en 50 m frá þeim stað sem bílinn getur stoppað.**
- Ef það er mikill gróður þá þarf að grísa leið að þrónni og merkja leiðina.
- Nauðsynlegt er að merkja staðsetningu þróar með stöng eða flaggi. Gott er að vera búin að reita gróður frá stútum ef þarf.
- Til að hægt sé að hreinsa rotþrónnar þarf stúturinn á rotþrónni að vera að lágmarki 110 mm til að barkinn á bílnum komist niður í þrónnar.
- Gæta þarf þess að hreinsunaraðili komi ekki að lokuðu hliði og að hliðið sé nógu stórt til að stór bíll komist í gegnum það.
- Gæta þarf að því að trjágreinar slúti ekki yfir heimreið svo að seyrubíllinn komist í gegn að rotþró.

Vinsamlega athugið að hvorki er hægt að segja til um hvenær hreinsunaraðili tæmir né óska eftir ákveðnum hreinsunartíma.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður þriðjudaginn 6. maí kl. 17:00 í Þingborg.

Erindi sem óskað er eftir að verði tekin fyrir þurfa að berast á skrifstofu Flóahrepps eða á netfangið floahreppur@floahreppur.is í síðasta lagi kl. 12:00 á föstudeginum fyrir fund.

Opnunartímar gámasvæðisins í Hrísmýri eru eftirfarandi:

Mánudaga – föstudaga: 13:00-17:00

Sjá nánar hér: <https://gamafelagid.is/starfsstod/islenska-gamafelagid-sudurlandi/>

Þjónusta á starfsstöð er eftirfarandi: almennt



sorp, grófur úrgangur, hreint og litað timbur, pappi og pappír, plast, járn og málmar, spilliefni og steinefni.

Hafi íbúar áhuga á að panta til sín gáma á eigin vegum þá er hægt að hafa samband við ÍGF í síma 482-3371 eða á netfangið igf@igf.is

Við minnum á að íbúar og fasteignaeigendur þurfa að hafa klippikort til að fá að nota gámasvæðið í Hrísmýri gjaldfrjálst. Klippikortin má nálgast á skrifstofu sveitarfélagsins í Þingborg á opnunartíma.

Opnunartími skrifstofu:

Opnunartími skrifstofu Flóahrepps er frá 9:00-16:00 mánudaga-fimmtudaga og 9:00-13:00 á föstudögum.

Síminn er opinn frá 9:00-13:00 alla virka daga og alltaf er hægt að senda tölvupóst á starfsmenn skrifstofu:

Anna Dóra ritari og gjaldkeri: anna@floahreppur.is

Hafðís bókari, launafulltrúi og umsjón með álagningakerfi: hafdis@floahreppur.is

Hulda sveitarstjóri: hulda@floahreppur.is

Vaktsími vatnsveitu: 862-6848

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings bs:

Skóla- og velferðarþjónustan er staðsett í Laugarási en starfsmenn sinna fundum og ráðgjöf oft á tíðum utan starfsstöðvar. Sími: 480-1180

Vegna skólaþjónustu: skolathjonusta@arnesthing.is

Vegna velferðarþjónustu: velferd@arnesthing.is

Sjá nánar hér: www.arnesthing.is

Húsvarsla í Þingborg og Félagslundir:

Bókanir og fyrirspurnir vegna félagsheimilanna berist á netfangið thingborg@gmail.com.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. (UTU) – vegna skipulags- og byggingarmála:

UTU er staðsett á Laugarvatni.

Almennt netfang: utu@utu.is

Sími: 480-5550

Opið alla virka daga frá 9:00-12.00.

Vegna seyrulósunar og hreinsunar: seyra@seyra.is eða sími 480-5550

Viðtals- og símatímar skipulags- og byggingarfulltrúa og annarra starfsmanna alla virka daga nema miðvikudaga milli kl. 9:00-12.00.

Mælt er til þess að fundir séu bókaðir með fyrirvara.

Sjá nánar hér: <https://www.utu.is/um-okkur/>



**Umhverfis- og
tæknisvið Uppsveita**

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps

Leikjanámskeið Umf Þjótanda

Þjótandi standur fyrir leikjanámskeiði í júní eins og undanfarin ár. Námskeiðið verður dagana 23.-27. júní.

Nánari upplýsingar um fyrirkomulag og skráningu koma síðar.



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Flóahreppur

vellíðan fyrir alla

Fjör í Flóa

Fjölskyldu og menningarhátíð í

Flóahreppi
30–31. maí 2025



Drög að dagskrá

Föstudagur 30.maí

Opin hús í Flóahreppi *auglýst síðar*.

Fjölskyldu kvöldganga: “Mæting á hlaðið í Dalbæ í Gaulverjabæ. Gengið verður í kringum bæjarvatnið með viðkomu í Haugshellum. Eftir gönguna verður göngugörpum boðið í skemmuna í Dalbæ þar verður boðið verður upp á brekkusöng og hressingu á Kakóbarnum. *Nánar auglýst síðar*”

Laugardagur 31.maí

Þingborg 12:00-17:00

Hinn margrómaði kökubasar kvenfélaganna verður á staðnum ásamt nýbökðuðum vöflum og kaffi. Sólubasar verða á staðnum, fatamarkaður, spennandi sýningar og saumavélakynnig frá versluninni Nál og Tvinna. Ungmennafélagið mun halda utan um skemmtilega dagskrá: Hjólarallý og Kökuskreytingarkeppni Þjótanda verða að sjálfsögðu á sínum stað. Spennandi keppni fyrir alla krakka. *Nánar auglýst síðar*. Pylsusalan verður að sjálfsögðu á sínum stað ásamt andlitsmálingu og candyfloss. Landbúnaðarsýningin verður glæsileg að vanda. Sjón er sögu ríkari. Ferguson félagið mun standa fyrir sýningu á gömlum dráttarvélum af öllum gerðum og Flóakorn mun sýna kornskurðarvél félagsins.

Jóhanna í spákofanum mætir á Fjör í Flóa. Villtu vita eitthvað um framtíðina, ástina, fá ráð í gegnum tarot og rúnir endilega líttu við.

Solla og Halla í Latabæ mæta í Þingborg og skemmta gestum á öllum aldri. Hoppukastalar og skemmtun fyrir allan aldur.

Tónlistarfólkið Friða Hansen og Alexander Freyr Olgeirsson spila ljúfa tóna fyrir gesti. Tillkynnt verður um kjör á Íþóttafólki Flóahrepps og menningarstyrkur veittur.

Þjóðdansasfélag Reykjavíkur stígur á stokk og sýnir íslenska þjóðdansa ásamt kennslu. Skemmtun fyrir alla fjölskylduna ekki láta þetta fram hjá þér fara! Eitthvað fyrir alla. Hlökkum til að sjá ykkur og eigum frábæra helgi saman í Flóahreppi.

Íþróttta -æskulýðs og menningarnefnd, Kvenfélögin í Flóahreppi og Ungmennafélagið Þjótandi. Nánari upplýsingar og dagskrá á Flóahreppur.is / FB síðu

Fjör í Flóa

& Instagram menningifloa.

Finndu okkur á : Flóahreppur.is FB Fjör í Flóa & Instagram Menning í Flóa



**Kvenfélögin í
Flóahreppi**



Kökuskreytingakeppni



Umf Þjótandi verður með sína margrómuðu kökuskreytingakeppni á Fjör í Flóa, laugardaginn 31. maí n.k. kl 12:15 í Þingborg
Keppnin er fyrir alla krakka 16 ára og yngri og mega keppendur keppa einir og sér eða skrá sig saman í lið.

Keppendur fá einn kökubotn og hafa 30 mínútur til að skreyta hann að vild.
Keppendur geta fengið smjörkrem á keppnisstað og nammi en annað skreytingaefni, áhöld og disk undir kökuna þurfa keppendur að koma með sjálfir.



Nánari upplýsingar um fyrirkomulag og skráningu verða birtar síðar.



Umf Þjótandi stendur fyrir hjólarallý á Fjöri í Flóa, laugardaginn 31. maí n.k. kl 14:30 við Þingborg. Keppt verður í tveimur aldursflokkum, eldri og yngri.
Hjóluð verður tímabraut sem reynir bæði á snerpu og hjólafærni.
Keppendur mæta með eigin reiðhjól og þurfa að sjálfsögðu að keppa með hjálm.

Nánari upplýsingar um fyrirkomulag og skráningu verða birtar síðar.



Fata- og skómarkaður á Fjöri í Flóa

Kvenfélögin verða með spennandi fata- og skómarkað á Fjöri í Flóa í ár. Hægt verður að gera frábær kaup því viðskiptavinir ráða sjálfir hvað þeir borga mikið!

Þau sem vilja gefa fót eða skó á markaðinn geta komið með vörurnar í Þingborg á fimmtudeginum 29. maí milli kl 16-20. Ef sá tími hentar ekki má hafa samband við Fanneyju í síma 8924155 eða með skilaboðum og við finnum aðrar leiðir.

Athugið að aðeins verður tekið við hreinum og óslitnum fötum og skóm!!



Framtíðarsýn kvenfélagsstarfs í Flóahreppi Hvert stefnum við?

Dagsetning: 20. maí 2025
Staðsetning: Félagslundur
Tími: 20:00 - 21:30

Dagskrá:
20:00 - Móttaka og kynning
20:15 - Erindi: Jenný Jóakimsdóttir frá Kvenfélagasambandi Íslands
20:45 - Erindi: Sólveig Þórðardóttir frá Samband Sunnlenskra kvenna
21:05 - Umræður og framtíðarsýn



Opinn fundur fyrir allar konur í hreppnum

Fréttir úr Flóaskóla



Að venju er margt um að vera í skólanum, framundan eru vorverkin og ýmsir viðburðir tengdir þeim. Nýtt þema hófst eftir páska og verður það kennt til vors, unnið er út frá grunnþættinum sjálfbærni og er áherslan á vatnið, hafið, orkunýtingu, vatnsnotkun og vatn í nánasta umhverfi.



Fimmtu-daginn 3. apríl var heldur betur hátíðisdagur í Flóaskóla. Þá stigu allir nemendur í 1.-7. bekk á svið og tóku þátt í söngleiknum Grease. Leiksýningin var einstaklega vel heppnuð og öllum til mikils sóma. Það voru forréttindi að fá að fylgjast með öllum sem komu að verkefninu, allir samhentir og tilbúnir að leggja allt að mörkum til að ná sem bestum árangri.

Nemendur á yngsta stigi sýndu mikinn metnað í stærðfræðiþrautinni sem skipulögð var í

tengslum við dag stærðfræðinnar og skiluðu inn langflestum lausnum og hrepptu alls 5 verðlaun.

Skólaþing var haldið í vikunni fyrir páska. Þar tóku þátt nemendur í 6.-10. bekk ásamt kennurum. Viðfangsefnið sem nemendur ræddu voru umgengni í skólabyggingunni, Þjórásarveri og á skólalóð, hvernig getum við bætt hana? Síðan skipulagði hver hópur einn viðburð eða skóladag þar sem skólinn blandast þvert á árganga. Smíðjur með uppsveitaskólum voru ræddar og að síðustu var farið yfir nokkra þætti úr Skólapúslinum, hvað nemendur geti gert til að auka trú á eigin getu og auka þrautseigju? Hvernig er hægt sé að breyta kennslustundum til að nemendur verði virkari í tímum og hvað kennarar geti gert til að nemendur viti betur hvernig gengur í náminu. Þessi vinna gekk afar vel. Nemendur voru mjög virkir í hópavinnunni og komu fram með góðar hugmyndir sem áhugavert verður að vinna úr. Nemendur í 1.-5. bekk verða svo með skólaþing í maí, aðaláhersla þess þings verður umgengni, samskipti og skólalóð.

Töluverðar framkvæmdir hafa verið á skólalóðinni undanfarið. Búið er að skipta um undirlag undir rólunum og pannavellinum, búið að setja gúmmimottur kringum ærslabelinn en síðan var stærsta verkefnið að setja upp klifurgrindina sem sem skó-



linn fékk að gjöf á 20 ára afmælinu. Það var mikill spenningur hjá nemendum að komast í grindina og biðröð myndaðist fyrstu dagana. Þetta er sannarlega kærkomin mikil búbot í flóru leiktækja á skólalóðinni.

Uppskeruhátíðir tengdar lestri verða í 4. og 7. bekk, Litla upplestrarhátíðin í 4. bekk og Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk. Nú er nýafstaðin undankeppni Stóru upplestrarkeppninnar. Nemendur í 7. bekk stigu öll á svið og fluttu ljóð að eigin vali eftir Þórarinn Eldjárn og textabút úr sögunni *Kennarann sem hvarf* eftir Bergrúnu Írisi Sævarsdóttur. Stóra upplestrarkeppnin er lestrarhátíð þar sem nemendur efast í að lesa á sviði fyrir áhorfendur og leggja áherslu á framburð, vandaðan og skemmtilegan lestur, líkamsstöðu, raddbeitingu og fleira. Dómnefnd valdi tvo þátttakendur og einn til vara sem verða fulltrúar Flóaskóla á Stóru upplestrarkeppninni í Árnesþingi sem haldin verður á Flúðum um miðjan maí, þar sem uppsveitaskólarnir fimm eiga einnig fulltrúa. Í þetta sinn eru það Nökkvi Steinn Jónsson og Kristján Reynisson sem verða fulltrúar skólans og Jón Bragason varamaður.

Litla upplestrarhátíðin verður haldin hátíðleg hjá nemendum 4. bekkjar miðvikudaginn 14. maí n.k. Hún er litla systir Stóru upplestrarkeppninnar sem haldin er á hverju ári í 7. bekk. Í þeim báðum eru sömu markmið höfð að leiðarljósi. Unnið er markvisst að því að bæta lestrarfærni og efla sjálfstraust nemenda í æfingaferlinu, ásamt því að sýna vandvirkni og virðingu.

Síðasta smiðjan, á elsta stigi, í uppsveitavalinu þennan veturinn verður haldin í Flóaskóla 8.-9. maí nk. Þessa daga kemur Listalestin til okkar, en það eru listnámsnemar úr Listaháskólanum sem koma og verða með smiðjurnar. Smiðjurnar eru óhefðbundnar að þessu sinni út af þessu samstarfi við Listaháskólann. Háskólinn hefur unnið að þessu verkefni Listalestinni undanfarin ár og hér á þessum hlekk <https://veita.listfyriralla.is/title/listalest-lhi-2024/> má sjá afrakstur þessa verkefnis sem unnið var í Hvolaskóla með nokkrum skólum í Skaftafells- og Rangárvallasýslum síðasta vor. Verkefninu lýkur með Listasýningu í Félagslundi kl 16:00 á föstudeginum, þangað eru allir velkomnir og viljum við hvetja alla til að gefa sér tíma til að koma og skoða afrakstur þessara metnaðarfullu listrænu verkefna. Það er upplifun fyrir bæði nemendur og aðra að sjá verkefni sett upp á alvöru listsýningu.

Hefðbundin verkefni maí eru svo fjölmörg, vorskólavika, vorferðir nemenda og Royalkvöld. Svo er auðvitað Skólahreystikeppnin við eignum okkar keppnislið þar líkt og undanfarin ár, þriðjudaginn 6.5. verður undankeppnin haldin í Mosfellsbæ og þangað ætlum við að fjölmenna og styðja okkar fólk.



Við óskum ykkur gleðilegs sumar
Bestu kveðjur úr Flóaskóla
Þórunn Jónasdóttir

3. Undankeppni 2025 Mosfellsbær- þriðjudagur 6. maí

Íþróttamiðstöðin að Varmá

13:00 - Húsið opnar fyrir áhorfendum

14:00 - Keppni byrjar / BEIN ÚTSENDING Á RÚV

13:30 - Jónsi verður með upphitun fyrir keppendur og áhorfendur

15:00 - Mótslok



Mosfellsbær þriðjudagur 6. maí 2025

3.riðill kl 14:00

1	Bleikur	Bláskóga / Kerhólsskóli
2	Rauður	Flóaskóli
3	Grænn	Flúðaskóli
4	Dökkbleikur	Laugalandsskóli í Holtum
5	Appels	NÚ
6	Svartur	Ölduselsskóli
7	Blár	Reykholtskóli
8	Dökkrauður	Vallaskóli
9		
10		



Líkt og undanfarin ár tekur Flóaskóli þátt í Skólahreysti, við erum í riðli 3. og erum **RAUÐ**. Rík hefur er fyrir því að senda öflugt stuðningsmannalið með og ekki verður breyting á því núna.

Rúta verður frá skólanum fyrir nemendur í 7.-10. bekk.

Farið verður af stað frá skólanum kl 12:15 og gert ráð fyrir heimkomu rúmlega 16:00.

Allt stuðningsfólk er velkomið að mæta í Íþróttamiðstöðina að Varmá í Mosfellsbæ.

Nemendur í 6. bekk og yngri eru sérstaklega velkomnir í fylgd forráðamanna. Við hvetjum alla að mæta tímanlega til að ná sæti. Húsið opnar kl 13:00 en keppni hefst kl 14:00.

Svo verður auðvitað hægt að horfa á keppnina á RUV en bein útsending er þaðan kl 14:00.



frumleiki

heimslist

leði

tónlist

hreyfing

tækifæri

leiklist

myndlist

sjónlist

náttúra

þrykk

spuni

taktur

sköpun

frelsi

leifdablag

tjáning

Kæru foreldrar, forráðamenn, starfsmenn SVÁ og skólanna,
sveitarstjórnarfolk, fræðslunefndarfolk og aðrir gestir

Föstudaginn 9. maí kl 16:00 er ykkur boðið
á opnun listsýningar í Félagslundi í Flóahreppi.

Sýningin verður einungis uppi í um tvær klukkustundir.

Hún er afrakstur smíðjuvinnu Listalestarinnar og nemenda á
elsta stigi í Bláskógaskóla, Flóaskóla, Flúðaskóla,
Kerhólsskóla, Reykholtsskóla og Þjörðarskóla.

Látið ekki þetta einstaka tækifæri fram hjá ykkur fara.

Víðavangshlaup Umf Þjótanda



var haldið að venju á sumardaginn fyrsta. Þátttaka var mjög góð en 72 hlauparar skiluðu sér í mark í góðu en aðeins vindasömu veðri.

Urslit hlaupsins urðu þessi:

Sæti	Nafn	Fæðingarár	Tími
1.	Kristófer Máni Andrason	2010	5,42 mín
2.	Bjarki Rafn Reynisson	2010	6,03
3.	Freyr Sturluson Schacht	2009	6,18
4.	Karólína Þórbergsdóttir	2009	6,36
5.	Þorkell Ólafur Þórbergsson	2015	6,37
6.	Héðinn Fannar Höskuldsson	2015	6,38
7.	Arnar Alex Reynisson	2014	6,51
8.	Kristján Reynisson	2012	6,59
9.	Heimir Rafn Bjarkason	1982	7,11
10.	Nikulás Tumi Ragnarsson	2014	7,15
11.	Viktor Logi Tello	2012	7,38
12.	Kristján Þórarinn Andrason	2016	7,45
13.	Lilja Reynisdóttir	2015	7,46
14.	Hjalti Geir Jónsson	2006	7,48
15.	Styrkár Freyr Birgisson	2010	7,49
16.	Fanney Ólafsdóttir	1980	7,55
17.	Sigurður Helgi Guðjónsson	2014	8,08
18.	Ottó Ingi Annýjarson	2012	8,10
19.	Birnir Þór Hlíðdal	2019	8,11
20.	Örvar Rafn Hlíðdal	1984	8,11
21.	Emmanúel Sveinn Víkingsson	2017	8,14
22.	Unnur Bjarkadóttir	1986	8,14
23.	Hrafnkell Hilmar Sigmarsson	2010	8,46
24.	Hulda Kristjánsdóttir	1984	8,59
25.	Rakel Ýr Sigmarsdóttir	2015	9,22
26.	Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir	1984	9,55
27.	Lilja María Axelsdóttir	2012	10,10
28.	Guðbjörg Erla Annýjardóttir	1012	10,12
29.	Grímur Jarl Jónsson	2018	10,24
30.	Jón Pálmar Ragnarsson	1987	10,25
31.	Milla Suojoki	2008	10,27
32.	Smári Kristinn Jónsson	2020	10,52
33.	Reynir Þór Jónsson	1981	10,53

34.	Helgi Reynisson	2012	10,54
35.	Guðmundur Bjarki Axelsson	2021	11,12
36.	Elísabet Thorsteinson	1991	11,12
37.	Jenni Kortetjarvi	1986	11,13
38.	Elfa Rún Heimisdóttir	2011	11,15
39.	Sigrún Helgadóttir	1983	11,25
40.	Brimir Þeyr Víkingsson	2019	11,33
41.	Víkingur Freyr Erlingsson	1996	11,34
42.	Pétur Hjálmsón	2017	11,43
43.	Ásta Björg Jónsdóttir	2010	11,44
44.	Vilborg Lára Brynjarsdóttir	2018	11,47
45.	Snædís Mjöll Kristjánsdóttir	1996	11,49
46.	Hanna Suojoki	2009	12,00
47.	Anný Ingimarsdóttir	1968	12,33
48.	Kristín Stefánsdóttir	1948	12,43
49.	Þórhildur Mía Þórbergisdóttir	2020	13,04
50.	Þórbergur Hrafn Ólafsson	1980	13,04
51.	Íris Harpa Kristinsdóttir	2016	13,12
52.	Steinunn Lilja Kristinsdóttir	2013	13,12
53.	Halldór Bjarnason	1996	13,40
54.	Brynjar Úlfur Halldórsson	2021	13,41
55.	Asa Dalkarls	1968	13,42
56.	Axel Berg Jónsson	2020	14,17
57.	Helga Rut Hallgrímsdóttir	1987	14,17
58.	Sigmar Örn Aðalsteinsson	1983	14,41
59.	Sandra Dís Sigurðardóttir	1986	14,41
60.	Sveinn Orri Einarsson	1996	14,42
61.	Dagbjört Ísafold Sveinsdóttir	2021	14,42
62.	Brynjar Þormóðsson	1989	15,23
63.	Kolbeinn Tumi Brynjarsson	2022	15,23
64.	Sonja Þrastardóttir	2022	16,10
65.	Þröstur Albertsson	1990	16,11
66.	Guðrún Jónsdóttir	1953	16,11
67.	Kristín Lilja Sigurjónsdóttir	1997	17,17
68.	Bergþór Örn Halldórsson	2024	17,17
69.	Andrea Björk Olgeirsdóttir	1994	17,18
70.	Soffía Náttól Sveinsdóttir	1996	17,18
71.	Matteó Aldar Víkingsson	2022	17,18
72.	Aðalsteinn Sveinsson	1959	18,10



**Myndir frá víðavangshlaupi
Umf. Þjótanda 24. apríl 2025**



Aðalsafnaðarfundur Gaulverjabæjarkirkju

Aðalsafnaðarfundur Gaulverjabæjarkirkju verður haldin fimmtudaginn 22. maí 2025 kl. 20:00 í Gaulverjabæjarkirkju.

Venjuleg aðalfundarstörf – allir velkomnir

Sóknarnefndin



Tækjalisti Búnaðarfélags Hraungerðishrepps Öll tæki eru á Stóru-Reykjum í umsjón Geirs S: 690-8939

Tæki	Verð	Eining
Plógur 5 skera	6.000 kr	á ha
Fjaðaraherfi	4.500	á ha
Diskaherfi	5000	á ha
Hnífatætri	6.600	á ha
Grjóttýnsluvél	17.000	á klst
Kornsáðvél	5.000	á ha
Valtari/sáðvél	7.000	á ha
Flaghefill	3000	á dag
Lyftutengdur hefill	5.000	á dag
Skeljasandsdreifari	1.500 kr	á tonn
Haugsuga	35.000	á dag
Kílplogur	21.000	á dag
Snitttæki	Frítt	
Hnífabrýnsluvél	frítt, staðsett í Túni	

Öllum tækjum skal skila smurðum og hreinum. Rukkað er fyrir hverja umferð af herfum og tætara. Sendið notkun strax þegar tæki er skilað

Dagskrá mánaðarins:

Glímuæfing í Félagslundi	5. maí
Fundur sveitastjórnar	6. maí
Undankeppni Skólahreysti	6. maí
Listasýning í Félagslundi	9. maí
Glímuæfing í Félagslundi	12. maí
Fundur um framtíðarsýn kvenfélagsstarfs í Flóahreppi	20. maí
Aðalsafnaðarfundur Gaulverjabæjarkirkju	22. maí
Fjölskyldu-kvöldganga	30. maí
Fjör í Flóa	30. – 31 maí

Þjótandaæfingar 2. - 4. bekkur	9., 16., 23 og 30. maí
Þjótandaæfingar 5. - 7. bekkur	6., 13., 20. og 27. maí
Þjótandaæfingar 8. - 10. bekkur	7., 14., 21. og 28. maí

